

Reglur Kviku eignastýringar hf. um hæfi lykilstarfsmanna

Samþykkt í desember 2022

Ábyrgðaraðili: Stjórn

1. Tilgangur og gildissvið

- 1.1. Kvika eignastýring hf. (hér eftir „KE“ eða „félagið“) gerir ríkar kröfur til hæfis og heilinda starfsmanna félagsins, jafnt trúverðugleika sem og faglegrar hæfni þeirra.
- 1.2. Sérstaklega er mikilvægt að lykilstarfsmenn KE uppfylli á hverjum tíma þær hæfiskröfur sem gerðar eru til þeirra þar sem þessir aðilar geta haft veruleg áhrif á starfsemi og stefnu KE á ábyrgð stjórnar félagsins.
- 1.3. Reglur þessar fjalla um þær hæfiskröfur sem gerðar eru til lykilstarfsmanna og framkvæmd hæfismats. Þeim er ætlað að tryggja fullnægjandi hæfi lykilstarfsmanna og eftirlit stjórnar með heildarstarfsemi KE. Markmið þeirra er að efla trúverðugleika félagsins, viðhalda trausti viðskiptamanna og draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu.
- 1.4. Reglurnar eru settar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „FME“) nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (hér eftir „lff.“), sameiginlegar viðmiðunarreglur EBA og ESMA um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2021/06) (hér eftir „viðmiðunarreglurnar“) og reglur FME nr. 247/2017 um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila.
- 1.5. Reglurnar taka mið af reglum móðurfélags KE, Kviku banka hf. (hér eftir „Kvika“ eða „bankinn“), um hæfi lykilstarfsmanna. Reglur Kviku gilda fyrir dótturfélög bankans og skulu dótturfélög bankans sem teljast vera fjármálafyrirtæki í skilningi lff. jafnframt innleiða sérstakar reglur sem byggja á þeim reglum, þó að teknu tilliti til meðalhófsreglu viðmiðunarreglnanna.

2. Skilgreiningar

- 2.1. Lykilstarfsmaður er starfsmaður, annar en framkvæmdastjóri, sem stöðu sinnar vegna getur haft veruleg áhrif á stefnu félagsins, sbr. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. a lff.
- 2.2. Stjórn KE metur á hverjum tíma hvaða starfsmenn teljast vera lykilstarfsmenn.
- 2.3. Regluvörður skal halda skrá yfir lykilstarfsmenn á hverjum tíma.

- 3. Almenn hæfisskilyrði, viðmið við mat á hæfi og sérstöðu lykilstarfsmanna**
- 3.1.** Lykilstarfsmaður skal uppfylla þær kröfur sem lög og reglur gera til hæfis stjórnar og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja, sbr. 52. gr. ffl. Lykilstarfsmenn skulu jafnframt hafa yfir að búa nægilegri þekkingu, reynslu og menntun til að geta sinnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt og vera með gott orðspor.
- 3.2.** Í 8. gr. stefnu KE um mat á hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra er nánar tiltekið við hvað skuli miðað þegar lagt er mat á hvað felst í þessum hæfisskilyrðum og skal sú grein eiga jafnt við þegar lagt er mat á hæfi lykilstarfsmanna.
- 3.3.** Lykilstarfsmaður má ekki taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess. Slík þátttaka í atvinnurekstri má þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor KE.
- 3.4.** Lykilstarfsmaður má ekki gegna öðrum launuðum störfum nema að fengnu leyfi stjórnar. Slík störf mega þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor KE.
- 3.5.** Lykilstarfsmenn félagsins skulu ekki taka þátt í meðferð máls ef:
- 3.5.1.** það varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í; eða
- 3.5.2.** viðskiptum við samkeppnisaðila þeirra aðila sem greinir í 1. mgr.
- 3.5.3.** Hið sama gildir um viðskipti aðila sem eru tengdir lykilstarfsmönnum persónulega eða fjárhagslega.
- 3.6.** Ef lykilstarfsmaður hefur umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. lff., t.d. stýrir sjóði eða sjóðsdeild í rekstri KE, skal hann vera hæfur til þess á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu.
- 3.7.** Óheimilt er að gera starfslokasamning við lykilstarfsmenn nema hagnaður hafi verið af rekstri félagsins samfelld síðustu þrjú ár af starfstíma viðkomandi lykilstarfsmanns. Með starfslokasamningi er átt við hvers konar samninga sem gerðir eru á milli lykilstarfsmanns og félagsins og kunna að færa þeim sem lætur af störfum hlunnindi eða réttindi umfram umsamin kjör í ráðningarsamningi.
- 3.8.** KE er óheimilt að veita lykilstarfsmanni, nánum fjölskyldumeðlimum eða aðila í nánum tengslum við hann, fyrirgreiðslu í skilningi reglna nr. 247/2017 nema gegn traustum tryggingum eins og þær eru skilgreindar í 5. gr. framangreindra reglna. Samtala heildarfyrirgreiðslna til hvers og eins lykilstarfsmanns, nánna fjölskyldumeðlima og aðila í nánum tengslum við hann má hæst vera 200 millj. kr., að teknu tilliti til 30. gr. ffl. um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum. Um fyrirgreiðslur til lykilstarfsmanna vísast jafnframt nánar í innri reglur félagsins um viðskipti starfsmanna við KE.

- 3.9. Birta skal í ársreikningi upplýsingar um heildargreiðslur og hlunnindi lykilstarfsmanna, ásamt upplýsingum um fjölda þeirra.
- 3.10. Lykilstarfsmaður skal á hverjum tíma uppfylla hæfisskilyrði reglna þessara. Þeim Honum ber í því skini að viðhalda þekkingu sinni og afla sér nýrrar þekkingar eftir því sem tilefni er til.

4. *Framkvæmd hæfismats við upphaf starfs*

- 4.1. Við mat á því hvort umsækjandi um stöðu lykilstarfsmanns uppfylli hæfisskilyrði 4 gr. skal fara fram bæði huglægt og hlutlægt mat á viðkomandi. Mat á hæfi lykilstarfsmanns er á ábyrgð stjórnar en er framkvæmt af starfsmannastjóra í samráði við yfirlögfræðing og regluvörð. Starfsmannastjóri ber ábyrgð á því að kanna orðspor viðkomandi umsækjanda en regluvörður á því að kanna þekkingu, reynslu og menntun hans. Matið skal fara fram áður en til ráðningar kemur og skal kynnt fyrir stjórn. Stjórn KE getur falið utanaðkomandi aðila framkvæmd hæfismatsins.
- 4.2. Þessu til viðbótar, þegar regluvörður telur þörf vera á, skal fara fram hæfispróf sem felur í sér mat á:
- 4.2.1. þekkingu lykilstarfsmanns á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi KE gilda og þeim sérlögum sem gilda um starfssvið lykilstarfsmanns.
- 4.2.2. Þekkingu lykilstarfsmanns á þeim grundvallaratriðum í starfsemi KE sem varða starfsskyldur hans.
- 4.2.3. starfsferli starfsmanns, m.a. með hliðsjón af því hvort hann hafi sætt rannsókn opinberra eftirlitsaðila, hvort höfðað hafi verið mál á hendur honum, hvort réttmætar kvartanir hafi beinst gegn honum vegna eftirlitsskyldrar starfsemi, hvort hann hafi verið stjórnandi fyrirtækis sem orðið hefur gjaldþrota og hvort honum hafi verið sagt upp störfum vegna athafna sinna eða athafnaleysis.
- 4.3. Undirbúningur og framkvæmd hæfisprófs, sbr. gr. 4.2, skal vera í höndum regluvarðar í samstarfi við yfirlögfræðing. Um er að ræða munnlegt próf.

5. *Viðvarandi eftirlit með hæfi*

- 5.1. Regluvörður skal hafa viðvarandi eftirlit með hæfi lykilstarfsmanna en í því felst að regluvörður, í samráði við framkvæmdastjóra, starfsmannastjóra og yfirlögfræðing, framkvæmi viðbragðsmat og endurmat þegar tilefni er til.
- 5.2. Viðbragðsmat skal framkvæmt tafarlaust ef aðstæður lykilstarfsmanns breytast eða upp koma atvik svo vafi vakni um hæfi hans og skal lokið innan þriggja daga frá þeim tíma er kunnugt verður um þá breytingu eða atvik sem varð tilefni matsins. Við framkvæmd matsins skal takmarka umfang þess við skoðun á hinni breyttu aðstöðu eða atviki sem var orsök matsins og þannig undanskilja þau atriði sem ekki hafa tekið breytingum. Innan eins sólarhrings frá því að viðbragðsmati er lokið skal regluvörður tilkynna framkvæmdastjóra, starfsmannastjóra og stjórnarformanni með skriflegum hætti um niðurstöðu matsins. Telji stjórn ástæðu til skal hún

framkvæma eigið viðbragðsmat í samræmi við viðbragðsmat stjórnar í gr. 6 í stefnu félagsins um mat á hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra.

- 5.3.** Endurmat skal framkvæmt a.m.k. á tveggja ára fresti í því skyni að ganga úr skugga um að lykilstarfsmaður uppfylli á hverjum tíma hæfisskilyrði skv. gr. 3 í reglum þessum. Endurmat skal fara oft fram ef tilefni er til s.s. þegar lykilstarfsmaður er fluttur til í starfi og störfin teljist ekki sambærileg en viðkomandi telst áfram vera í stöðu lykilstarfsmans eða ef breytingar verða á lögum eða reglum sem skilgreina kröfur um hæfi lykilstarfsmanna. Endurmatið skal framkvæmt í samræmi við gr. 4.1 - 4.2 í reglum þessum og takmarkað við greiningu á viðeigandi þáttum að teknu tilliti til breyttra eða aukinna hæfniskrafna. Regluvörður skal tilkynna framkvæmdastjóra, starfsmannastjóra og stjórnarformanni með skriflegum hætti um niðurstöðu matsins.

6. *Aðgerðir vegna ófullnægjandi hæfis*

- 6.1.** Sé niðurstaðan sú í kjölfar mats á hæfi, hvort sem um er að ræða upphaflegt mat, viðbragðsmat eða endurmat, að lykilstarfsmaður fullnægi ekki hæfisskilyrðum viðhlítandi laga og reglna að teknu tilliti til ákvæða reglna þessara skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja hæfi. Hvað teljast vera viðeigandi ráðstafanir hverju sinni fer eftir því hvaða hæfisskilyrði er ekki uppfyllt, hvaða stöðu er um að ræða, viðkomandi starfsmanni og hvaða ráðstafana er hægt að grípa til í því skyni að bæta úr.
- 6.2.** Ef ekki reynist unnt að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja fullnægjandi hæfi ætti viðkomandi starfsmaður almennt ekki að gegna stöðu lykilstarfsmanns. Skal stjórn KE, að áliti framkvæmdastjóra, meta hvort viðkomandi starfsmaður geti eftir sem áður gegnt slíkri stöðu. Forsendur þess eru að hann geti, þrátt fyrir að hæfisskilyrði séu ekki að öllu leyti uppfyllt, sinnt viðkomandi starfi með fullnægjandi hætti. Slík ákvörðun skal rökstudd með fullnægjandi hætti og bókað um hana í fundargerð stjórnarfundar.
- 6.3.** Telji stjórn að viðkomandi geti ekki gegnt stöðu lykilstarfsmanns skal ráðningu hans hafnað. Sé um að ræða starfsmann sem er starfandi hjá félaginu skal viðkomandi upplýstur um niðurstöðu matsins og viðeigandi ráðstafanir gerðar í samráði við starfsmann til að flytja hann til í starfi ef stjórn telur forsendur fyrir því eða honum, eftir atvikum, gefinn kostur á að segja starfi sínu laus. Fallist viðkomandi ekki á slíkar ráðstafanir skal honum vikið úr starfi. Um uppsagnarfrest og laun í uppsagnarfresti undir slíkum kringumstæðum fer eftir lögum, reglum, innri reglum félagsins og ráðningarsamningi viðkomandi starfsmanns. Ástæður vanhæfis geta haft áhrif á rétt til launa í uppsagnarfresti.

7. *Upplýsinga- og tilkynningarskylda lykilstarfsmanns*

- 7.1.** Lykilstarfsmanni ber að gefa réttar upplýsingar um þau atriði sem kanna þarf við framkvæmd hæfismats. Lykilstarfsmaður skal upplýsa framkvæmdastjóra tafarlaust um hverjar þær breytingar sem verða á högum hans, sem kunna að hafa áhrif á hæfi lykilstarfsmanns.

- 7.2. Lykilstarfsmanni er skylt að tilkynna framkvæmdastjóra KE ef sú staða kemur upp að hann fái réttarstöðu grunaðs manns. Fái lykilstarfsmaður slíka stöðu skal stjórn KE, að fengnu áliti framkvæmdastjóra, starfsmannastjóra og regluvarðar meta hvort viðkomandi lykilstarfsmaður eigi að víkja tímabundið úr stöðu sinni á meðan rannsókn málsins stendur yfir. Við slíkt mat skal ávallt litið til stöðu viðkomandi lykilstarfsmanns og alvarleika hins meinta brots. Teljist brot alvarlegt og staða lykilstarfsmanns innan félagsins er þannig að störf hans fyrir félagið skaði orðspor félagsins þá skal lykilstarfsmaður sendur í leyfi.
- 7.3. KE skal meta hvert einstakt ætlað brot fyrir sig. Regluvörður, eða eftir atvikum innri endurskoðandi, skal annast skoðun mála og yfirlögfræðingur meta niðurstöðu þeirrar skoðunar út frá ákvæðum laga um viðurlög. Ef það er mat KE að brot hafi átt sér stað hjá viðkomandi lykilstarfsmanni skal honum án tafar vísað úr starfi. Uppsagnarfrestur skal greiddur nema um sé að ræða brot í starfi hjá KE.
- 7.4. Við mat á hæfi lykilstarfsmanns áskilur KE sér rétt til að kalla eftir öllum þeim gögnum sem framkvæmdastjóri telur nauðsynleg, þ.m.t. saka- og veðbókarvottorð. Gæta skal öryggis og trúnaðar við varðveislu slíkra gagna.

8. *Eftirlit og viðurlög*

- 8.1. Gefi lykilstarfsmaður rangar eða villandi upplýsingar í tengslum við hæfismat sem framkvæmt er á grundvelli reglnanna getur það varðað áminningu eða uppsögn úr starfi.
- 8.2. Regluvörður og innri endurskoðandi hafa eftirlit með því að reglum þessum sé fylgt.

9. *Birting*

- 9.1. Reglurnar skal birta á heimasíðu KE.

10. *Breytingar*

- 10.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn hefur samþykkt þær. Við samþykkt þessara reglna falla úr gildi eldri reglur.

Þannig samþykkt af stjórn Kviku eignastýringar hf. þann 15. desember 2022

Viðauki 1

Yfirlýsing starfsmanns

Á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna ber Kviku eignastýringu hf. (hér eftir „**KE**“ eða „**félagið**“) að setja reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Á grundvelli reglnanna ber KE að framkvæma mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast vera lykilstarfsmenn félagsins. Hæfisskilyrðin fela m.a. í sér að lykilstarfsmaður sé lögráða, hann sé fjárhagslega sjálfstæður og að hann hafi ekki verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.

Til þess að KE geti sannreynt að þessum skilyrðum sé fullnægt þarf viðkomandi starfsmaður að staðfesta með undirritun sinni að hann sé lögráða. Eins þarf starfsmaður að veita KE heimild til að fletta starfsmanni m.a. upp í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. til að meta fjárhagslegt sjálfstæði og kanna hvort hann hafi verið úrskurðaður gjaldþrota á síðustu fimm árum.

Ég undirrituð/aður lýsi hér með yfir og staðfesti með undirskrift minni að ég er lögráða, sbr. skilgreiningu lögræðis laga nr. 71/1997. Jafnframt veiti ég KE heimild til að fletta kennitölu minni upp í vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. Auk þess lýsi ég því hér með yfir að ég hef gefið réttar upplýsingar um þau atriði sem kanna þarf við framkvæmd hæfismats míns. Ég mun upplýsa framkvæmdastjóra KE tafarlaust um hverjar þær breytingar sem verða á högum mínum sem kunna að leiða til endurskoðunar á hæfismati. Að lokum staðfesti ég að mér er kunnugt um að mér sé skylt að tilkynna framkvæmdastjóra ef sú staða kemur upp að ég fái réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli sem varðar atvinnurekstur eða starfsemi á fjármálamarkaði.

Nafn

Kennitala

Staður og dagsetning

Vottar:

Viðauki 2

Umboð til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins

Á grundvelli leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna ber Kviku eignastýringu hf. (hér eftir „**KE**“ eða „**félagið**“) að setja reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Á grundvelli reglnanna ber KE að framkvæma mat á hæfi þeirra einstaklinga sem teljast vera lykilstarfsmenn félagsins. Hæfisskilyrðin fela m.a. í sér að lykilstarfsmaður hafi óflekkað mannorð og hafi ekki á síðustu tíu árum fengið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur, samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl., eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Til þess að KE geti sannreynt að þessum skilyrðum sé fullnægt þarf að kalla eftir upplýsingum um viðkomandi starfsmann hjá Sakaskrá ríkisins. KE fær eingöngu slíkar upplýsingar á grundvelli umboðs starfsmanns og er því óskað eftir að starfsmaður fylli út upplýsingarnar hér fyrir neðan.

Umboð til Kviku eignastýringu hf. til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins.

Ég undirrituð/aður veiti hér með Kviku eignastýringu hf. umboð til að fá upplýsingar hjá Sakaskrá ríkisins um hvort ég hafi hlotið dóm á síðustu tíu árum.

Nafn

Kennitala

Staður og dagsetning

Vottar: